

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 141/2022

2022/EES/61/53

frá 29. apríl 2022

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/931 frá 1. mars 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina aðferðina til að bera kennsl á afleiðuviðskipti með einn eða fleiri mikilvæga áhrifaþætti áhættu með tilliti til 5. mgr. 277. gr., formúluna til að reikna út eftirlitsdeltastuðul kaups- og söluréttar sem tengdur er við vaxtaáhættuflokk og aðferðina til að ákvarða hvort viðskipti séu gnótt- eða skortstaða í helsta áhrifaþætti áhættu eða í mikilvægasta áhrifaþættinum í tilteknum áhættuflokki að því er varðar a- og b-lið 3. mgr. í 279. gr. a. í staðal-aðferð fyrir útlánaáhættu mótaðila ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1043 frá 24. júní 2021 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/2021/ESB frá 1. október 2021 um jafngildi krafna tiltekinnna þriðju landa og yfirráðasvæða um eftirlit og reglur að því er varðar meðhöndlun áhættuskuldbindinga samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ⁽³⁾.
- 4) Framkvæmdarákvörðun (ESB) 2021/1753 fellir úr gildi framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/908/ESB ⁽⁴⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 5) Framkvæmdarákvarðanir (ESB) 2016/230 ⁽⁵⁾, (ESB) 2016/2358 ⁽⁶⁾, (ESB) 2019/536 ⁽⁷⁾ og (ESB) 2019/2166 ⁽⁸⁾ sem hafa verið felldar inn í EES-samninginn, hafa úrelst og ber því að fella gerðirnar brott úr samningnum.
- 6) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

IX. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 14at (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/908/ESB):

„**32021 D 1753:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1753 frá 1. október 2021 um jafngildi krafna tiltekinnna þriðju landa og yfirráðasvæða um eftirlit og reglur að því er varðar meðhöndlun áhættuskuldbindinga í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (Stjtið. ESB L 349, 4.10.2021, bls. 31).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 204, 10.6.2021, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 225, 25.6.2021, bls. 52.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 349, 4.10.2021, bls. 31.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 359, 16.12.2014, bls. 155.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 41, 18.2.2016, bls. 23.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 348, 21.12.2016, bls. 75.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 92, 1.4.2019, bls. 3.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 328, 18.12.2019, bls. 84.

2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 14azx (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/930):

„14azy. **32021 R 0931**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/931 frá 1. mars 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina aðferðina til að bera kennsl á afleiðuviðskipti með einn eða fleiri mikilvæga áhrifaþætti áhættu með tilliti til 5. mgr. 277. gr., formúluna til að reikna út eftirlitsdeltastuðul kaups- og söluréttar sem tengdur er við vaxtaáhættuflokk og aðferðina til að ákvarða hvort viðskipti séu gnótt- eða skortstaða í helsta áhrifaþætti áhættu eða í mikilvægasta áhrifaþættinum í tilteknum áhættuflokki að því er varðar a- og b-lið 3. mgr. í 279. gr. a. í staðalaðferð fyrir útlánaáhættu mótaðila (Stjtið. ESB L 204, 10.6.2021, bls. 7).

14azz. **32021 R 1043**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1043 frá 24. júní 2021 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (Stjtið. ESB L 225, 25.6.2021, bls. 52).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/931, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1043 og framkvæmdarákvörðun (ESB) 2021/1753, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 301/2021 frá 29. október 2021 (°), eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(°) Verður birt.